

## **4. fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu**

**13. desember 2011, kl. 14:00**

### **FUNDARGERÐ**

Fundinn sátu:

Fundarstjóri: Valgerður Sverrisdóttir (formaður)

Fulltrúar í samstarfsráði: Drífa Hjartardóttir, Geir Gunnlaugsson, Jónas Þ. Þórisson, Ragnar Gunnarsson, Sigfús Ólafsson og Þórir Guðmundsson.

Starfsmenn utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ): Guðni Bragason, Elín R. Sigurðardóttir, Hermann Örn Ingólfsson, Sighvatur Björgvinsson, Svanhvít Aðalsteinsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir.

Gestir: Ingvar Birgir Friðleifsson (Jarðhitaskóli HSP), Tumi Tómasson og Þór Ásgeirsson (Sjávarútvegsskóli HSP), Berglind Orradóttir og Hafdís Hanna Ægisdóttir (Landgræðsluskóli HSP), Annadís G. Rúdólfssdóttir, Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (Alþjóðlegur jafnréttisskóli).

### **Inngangsorð formanns**

Formaður setti fundinn, bauð fulltrúa í samstarfsráðinu velkomna til fjórða fundar þess og kynnti gesti fundarins.

### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð þriðja fundar samstarfsráðsins, 8. nóvember 2010, samþykkt án athugasemda.

### **2/3. Kynning á starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og tilraunaverkefni um alþjóðlegan jafnréttisskóla**

Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður jarðhitaskóla HSP, kynnti í stuttu máli sögu og stefnu Háskóla Sameinuðu þjóðanna og starfsemi jarðhitaskólans, Tumi Tómasson kynnti

starfsemi sjávarútvegsskólans og Berglind Orradóttir starfsemi landsgræðsluskólans. Annadís G. Rúdólfadóttir kynnti starfsemi alþjóðlegs jafnréttisskóla.

Fjallað var um hlutverk og áherslur í störfum skólanna, grundvöll starfseminnar og sérþekkingu Íslands á þeim sviðum sem skólarnir starfa. Auk þess var fjallað um fjármögnun skólanna, helstu kostnaðarliði og fyrirkomulag við val á nemendum. Þá var umfjöllun um hlutverk skólanna með vísan til nýrra laga um þróunarsamvinnu og draga að Þróunarsamvinnuáætlun 2011-2014. Jafnframt kom staða skólanna innan kerfis HSP til umræðu.

### **3. Önnur mál**

#### ***a. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.***

Hermann Ingólfsson, sviðsstjóri þróunarsamvinnusviðs utanríkisráðuneytisins, upplýsti fulltrúa um hvernig unnið hafi verið úr athugasemdum sem fram komu á fundi ráðsins hinn 8. nóvember 2010 við drög að áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Jafnframt var upplýst um næstu skref í framvindu málsins.

#### ***b. Framkvæmdastjóri ÞSSÍ kvaddur***

Formaður kvaddi Sighvat Björgvinsson fráfarandi framkvæmdastjóra ÞSSÍ.

Fundi slitið kl. 17:10